

Föstudaginn 7. júní 1963.

Nr. 37/1963. **Ákærvaldið**

(Saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)
gegn

Gunnari Karli Þorgeirssyni

(Árni Stefánsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómurarnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson,
 Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús
 Þ. Torfason.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Samkvæmt gögnum þeim, sem rakin eru í héraðsdómi, er sannað, að ákærði var með áhrifum áfengis við stjórn bifreiðar hinn 26. nóvember 1962, en hann hafði með dómi 7. febrúar 1961 verið sviptur ökuréttindum þrjú ár. Varðar sú háttsemi ákærða við 2. og 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. laga nr. 26/1958, 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954 og 1. og 3. mgr. 47. gr. sbr. 111. gr. lögreglusamþykktar fyrir Keflavíkurkaupstað nr. 121/1953.

II.

Eins og í héraðsdómi greinir, er ákærði samkvæmt kær-um lögreglumanna sakaður um fimm ölvunarbrot á tímabilinu frá 14. apríl 1962 til 1. júlí s. á. Óhæfilegur dráttur varð á því, að kærur þessar væru teknar til meðferðar í héraðsdómi. Kom ákærði eigi fyrir dóm af þessu efni fyrr en 27. nóvember 1962, og lögreglumenn þeir, er hlut áttu að máli, voru loks kvaddir vættis í desembermánuði 1962. Voru þau próf öll mjög ófullkomin og andstæð lögum. Ákærði og lögreglumenn voru hvorki prófaðir nægilega skilmerkilega né sjálfstætt, heldur virðast kærur lögreglumannanna hafa verið til sýnis í dóminum, en þeir og ákærði einungis gert við þær almennar athugasemdir. Brýtur þessi meðferð máls í bága við 73., 75. og 77. gr. laga nr. 82/1961.

Lögreglumennirnir voru eigi heitfestir, svo sem boðið er í 100. gr. laga nr. 82/1961, en er þeir komu fyrir dóm af nýju eftir uppsögu héraðsdóms til nánari prófunar og heitfestingar, var sakarefni sumum þeirra með öllu úr minni liðið. Þá voru ákærði, sem neitaði sakargiftum, og lögreglumennirnir ekki samprófaðir, svo sem skylt var, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 82/1961. Vætti lögreglumanna verður að svo vöxnu máli eigi metið ákærða til áfellis og honum því dæmd sýkna, að því er greind sakaratriði varðar.

III.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin varðhald 25 daga. Þá ber samkvæmt 81. gr. laga nr. 26/1958 að svipta ákærða ævilangt réttindum til að stjórna bifreið.

Eftir úrslitum málsins og samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 82/1961 er rétt, að sakarkostnaður greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af ákærða, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00. og laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Karl Þorgeirsson, sæti varðhaldi 25 daga. Hann er ævilangt sviptur rétti til bifreiðarstjórnar.

Sakarkostnaður greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af ákærða, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00, og laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Árna Stefánsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 31. janúar 1963.

Mál þetta var þingfest og dómtekið 21. janúar 1963 hér í sakadómi.

Með ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 4. janúar 1963, (ártalið er misritað á skjalið) er Gunnar Karl Þorgeirsson sjómaður, Hafnargötu 71, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa:

I. aðfaranótt mánudagsins 26. nóvember 1962 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ekið bifreiðinni Ö 52 heiman að frá Hafnargötu um götur í Keflavík, unz lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða um kl. 03.55 á hafnarsvæðinu.

II. verið áberandi og hneykslanlega ölvaður:

1. laugardagskvöldið 14. apríl 1962 um kl. 20:35 á matstofunni Vík í Keflavík.
2. aðfaranótt miðvikudagsins 2. maí 1962 um kl. 01:00 og aðfaranótt sunnudagsins 1. júlí 1962 um kl. 02:25 í Ungmennafélagshúsinu í Keflavík.
3. miðvikudaginn 2. maí 1962 um kl. 15:35 á Smárabar við Tjarnargötu.
4. aðfaranótt fimmtudagsins 28. júní 1962 um kl. 02:20 á hafnarsvæðinu.

Telst brot það, er í I. lið ákærunnar greinir, varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, 1 mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. og 3. mgr. 47. gr, sbr. 111 gr. lögreglusamþykktar fyrir Keflavíkurkaupstað nr. 121/1953, en brot þau, er í II. lið greinir, við 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga og 6 gr. og 1. mgr. 82. gr., sbr. 111. gr. lögreglusamþykktar fyrir Keflavíkurkaupstað.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar á rétti til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á lögdaldi sakamanna, fæddur 25. marz 1940 í Grindavík, og hefur sætt ákæru og refsingu, sem hér segir:

1959 28/7 á Siglufirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1961 2/2 í Keflavík: Dómur: 12 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 3 ár fyrir brot á hegningar-, áfengis- og umferðarlögum.

1961 1/3 í Keflavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1962 8/2 í Keflavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 12.2. 1962. Bréf dómsmálaráðuneytisins 8.2. 1962.

— 23/8 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

I. Málsatvik skulu nú rakin:

Seinni part nóvembermánaðar 1962 var togarinn Gylfi frá Patreksfirði að koma úr söluför til Þýskalands. Ákærði í máli þessu var skipverji á togaranum og að eigin sögn drakk hann mikið áfengi í heimsiglingunni. Til Keflavíkur kom ákærði árla

sunnudagsmorguns 25. nóvember ásamt meðal annarra Guðfinni nokkrum Erlendssyni, kunningja sínum. Ákærði fór heim til sín og svaf fram á hádegi. Vitnið Guðfinnur var gestur mætta fram eftir degi og sátu þeir að bjórdrykkju, og telur ákærði sig hafa drukkið þarna 3—4 áfenga bjóra. Eftir að hafa farið í kvikmyndahús um kvöldið, fóru þeir aftur heim til ákærða og kom þá þangað Baldur nokkur Hjálmtýsson og skömmu seinna Jón nokkur Sörling, leigubílstjóri. Þeir settust að drykkju með hinum og var nú einnig drukkin Genever. Ákærði heldur staðfastlega fram, að hann hafi ekkert drukkið eftir kvikmyndahúsferðina og styðja vitnin þann framburð. Til tals kom þarna að aka bíl Jóns út að Reykjanesvita, og segir ákærði, að hann hafi ekki viljað láta þá hina aka bílnum, en Jón þá beðið sig um að aka, en vitnið Guðfinnur segir ákærða hafa boðizt til að aka. Vitnið Jón segir, að honum hafi verið allsendis ókunnugt um ölvunarástand ákærða og að hann hafði ekki ökuréttindi, og styður vitnið Guðfinnur þann framburð ásamt ákærða. Ákærði vildi ekki aka út að Reykjanesvita, en ók í þess stað um bæinn, meðal annars að Bifreiðastöð Keflavíkur, og bættist þar í hópinn Ingvar Georg Ormsson, og var sá einnig ölvaður. Ákærði ók nú niður að höfn, en þar veittu lögregluþjónar akstri hans athygli og stöðvuðu hann, þar sem þeim var kunnugt um, að hann hafði verið sviptur ökuréttindum með dómi og þar sem þeim virtist hann vera undir áfengisáhrifum, færðu þeir hann til rannsóknar hjá lækni. Niðurstaða rannsóknarinnar sýndi 1.17% útfallsefna í blóði ákærða.

II. Er framangreint mál var tekið til rannsóknar, ætlaði dómariinn að sekta ákærða með sátt í réttinum fyrir fyrri hneykslanlega ölvun hans á almannafæri. Ákærði hafnaði þá sáttum og hafði orð um, að framlagðar lögregluskýrslur um ölvun hans á almannafæri væru nánast rangar. Lögregluþjónar þeir, sem skýrslurnar gáfu, og þeir, sem með þeim voru í hverju einstöku tilviki, voru því látnir staðfesta skýrslurnar fyrir rétti og eru þessi ölvunarbrot, sem hér segir:

- 1) 14. apríl 1962 var beðið um aðstoð lögreglunnar á matstofuna Vík hér í bæ vegna ákærða, sem þar var ölvaður. Tveir lögregluþjónar fóru á staðinn og fjarlægðu hann þaðan og fluttu í fangageymslu.
- 2) 2. maí 1962 var beðið um aðstoð lögreglunnar að Smárabab hér í bæ vegna nokkurra ölvaðra manna, er þar voru. Tveir

lögregluþjónar fóru á staðinn og fjarlægðu ákærða þaðan ásamt fleirum og fluttu hann í fangageymslu.

- 3) 2. maí var beðið um lögreglu að Ungmennafélagshúsinu hér í bæ. Þrír lögregluþjónar fóru að sinna þessu og fjarlægðu ákærða ölvaðan og fullan mótþróa og fluttu í fangageymslu.
- 4) 28. júní 1962 flutti lögregla Keflavíkurflugvallar tvo ölvaða menn á lögregluvarðstofuna í Keflavík og var annar þeirra ákærði í máli þessu. Mennirnir höfðu verið til óþurftar á hafnarsvæðinu. Ákærði var settur í fangageymslu.
- 5) 1. júlí 1962 að afloknum dansleik í Ungmennafélagshúsinu hér í bæ fjarlægðu þrír lögregluþjónar nokkra ölvaða menn úr húsinu og var ákærði einn þeirra. Hann var settur í fangageymslu.

Svo sem nú er sagt, hefur sannast ýmist með játningu ákærða eða á annan hátt, að hann hafi

I. aðfaranótt mánudagsins 26. nóvember 1962 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ekið bifreiðinni Ö 52 heimán að frá Hafnargötu um götur í Keflavík, unz lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða um kl. 03.55 á hafnarsvæðinu.

II. verið áberandi og hneykslanlega ölvaður:

1. laugardagskvöldið 14. apríl 1962 um kl. 20:35 á matstofunni Vík í Keflavík.

2. aðfaranótt miðvikudagsins 2. maí 1962 um kl. 01:00 og aðfaranótt sunnudagsins 1. júlí 1962 um kl. 02:25 í Ungmennafélagshúsinu í Keflavík.

3. miðvikudaginn 2. maí 1962 um kl. 15:35 á Smárabar við Tjarnargötu.

4. aðfaranótt fimmtudagsins 28. júní 1962 um kl. 02:20 á hafnarsvæðinu.

Telst brot það, er í I. lið ákærunnar greinir, varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. og 3. mgr. 47. gr., sbr. 111. gr. lögreglusamþykktar fyrir Keflavíkurkaupstað nr. 121/1953, en brot þau, er í II. lið greinir, við 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga og 6. gr. og 1. mgr. 82. gr., sbr. 111. gr. lögreglusamþykktar fyrir Keflavíkurkaupstað.

Með framangreindri háttsemi sinni hefur ákærði unnið sér til refsingar, sem hæfilega ákveðst kr. 3.000.00 sekt til Menningsrjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Þá ber og samkvæmt kröfu ákærvaldsins að svipta ákærða ökuréttindum með dómi, en svo sem áður er á dregið og sést í framlögðu sakavottorði, var hann sviptur ökuréttindum til 17. janúar 1963. Hæfileg ökuleyfissvipting nú telst 6 mánuðir frá 17. janúar 1963 að telja.

Samkvæmt niðurstöðum málsins ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakar þessarar.

Hákon Heimir Kristjánsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Karl Þorgeirsson, greiði kr. 3.000.00 í sekt til Menningarsjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal sviptur ökuréttindum í sex mánuði frá 17. janúar að telja.

Hann skal og greiða allan málskostnað sakar þessarar.

Föstudaginn 7. júní 1963.

Nr. 70/1963. Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f
 gegn
 Gunnari M. Steinsen.

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun endurheimtukröfu. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. maí þ. á., sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 7. s. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir hér- aðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.